



Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Margrét D. Sigfúsdóttir skólastjóri

## Ráðherra heimsótti Hússtjórnarskóla Reykjavíkur

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, ásamt embættismönnum ráðuneytisins, heimsótti á dögunum [Hússtjórnarskóla Reykjavíkur](#). Ráðherra ræddi við Margréti D. Sigfúsdóttur skólastjóra og kynnti sér starfsemi skólans.

Skólinn hefur starfað óslitið frá árinu 1942, ýmist sem heilsársskóli eða í annarri mynd. Árið 1998 var skólinn gerður að sjálfseignarstofnun sem rekin er með framlagi frá ríkissjóði.

## Könnun á menningarneyslu Íslendinga

Könnunin var gerð í nóvember og desember 2009 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Menningarvogin er yfirgripsmesta könnun sinnar tegundar sem gerð hefur verið hér á landi þar sem almenningur var ekki aðeins spurður út í aðsókn að menningarviðburðum heldur einnig þátttöku í menningarstarfsemi og viðhorf til menningar í landinu.

Niðurstöður könnunarinnar birtast í skýrslu sem er í þremur hlutum. Sá fyrsti fjallar um menningarneyslu, annar um þátttöku almennings í menningarstarfsemi og að lokum koma nokkrar spurningar sem varpa ljósi á viðhorf almennings til menningar í landinu. Skýrslan er aðgengileg á [vef ráðuneytisins](#) (PDF).

## Ráðstefna um niðurstöður rannsóknar um hegðun og líðan ungs fólks á Norðurlöndunum

Ráðstefna um niðurstöður rannsóknar um hegðun og líðan ungs fólks á Norðurlöndunum verður 20.-21. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Rannsóknin er eitt af verkefnum á formennskuári Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni. Rannsóknin var lögð fyrir ungmenni á aldrinum 16-19 ára á öllum Norðurlöndunum og vinnur Rannsóknir og greining að úrvinnslu gagnanna.

Allar frekari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vefsíðunni [www.nyr2010.is](http://www.nyr2010.is)

## Nýtt rit um Bologna ferlið

Nýlega kom út á vegum Eurydice, upplýsinganets um menntamál í Evrópu, ritið Focus on Higher Education 2010.

Í ritinu, sem unnið var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, er gerð grein fyrir því hvernig Bologna ferlið hefur þróast í 46 Evrópulöndum. Ritið er unnið á grundvelli upplýsinga frá hverju landi og gefur skýran samanburð af því hvernig hvert land hefur staðið að innleiðingu Bologna ferlisins.

Megintilgangur Bologna ferlisins er aðmynda samevrópskt háskólasvæði þar sem hreyfanleiki nemenda og háskólafélks er auðveldaður. Af þeim markmiðum sem menntamálaráðherrar þátttakulandanna að Bologna ferlinu komu sér saman um að stefna að er áhersla á að nám á háskólastigi sé skipulagt í grunnám og framhaldsnám, þar sem grunnám er að lágmarki 3 ár, meistaranám 2 ár og þar á eftir doktorsnám.


Á myndinni hér við hliðina sést að algengast er að löndin noti saman 180 +120 ECTS eininga háskólakerfið. Það er algengast í 19 af löndunum og er einnig notað í 17 öðrum löndum sem ekki hafa tekið upp neitt sérstakt einingakerfi.

## Úttektir á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir tíu stofnanaúttektum á leik- grunn- og framhaldsskólastigi á vormisseri 2010. Gerðar verða þrjár úttektir á leikskólastigi, fjórar á grunnskólastigi og þrjár á framhaldsskólastigi. Auk þess verða gerðar úttektir á tveimur tilraunaverkefnum í grunn- og framhaldsskólum sem og á fjarkennslu í framhaldsskólum.

## Þróunarsjóður námsgagna 2010

Þróunarsjóður námsgagna hefur úthlutað styrkjum af fjárlögum 2010. Umsóknir voru alls 175 að undangenginni auglýsingu. Samanlagðar fjárbeiðnir námu rúmlega 254 millj. kr. en til ráðstöfunar voru 66,5 millj. kr. Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunina má nálgast á [vef ráðuneytisins](#).



- 180+120 ECTS einingar
- 240+120 ECTS einingar
- 240+90 ECTS einingar
- 240+60 ECTS einingar
- Ekkert eitt kerfi
- Á ekki við

